

Fundur í Húsnefnd Végarðs, Végarði , 30.10 2019, kl. 13:00

Mætt: Anna Jóna, Gunnar, Gunnþórunn og Hörður.

1. Ýmislegt

Veikindaforföll urðu til þess að skipti voru á hljómsveit á réttarballi.

Óútskýrður vatnsleki er í salardyrum

Gólfhitakerfi í samkomusal er enn ótengt.

5 pantanir eru komnar vegna viðburða í Végarði 2020.

Tappar í stólfætur hafa verið keyptir , en eftir að setja þá í.

Vatnajökulsþjóðgarður var með leigulaus afnot af Végarði 2 daga í haust , í skiptum fyrir afnot hreppsins af Snæfellsstofu.

Vegna vætutiðar varð ekki af bílastæðamálun í sumar.

2. Klæðning útveggja á eldri hluta hússins.

Verkis vann tillögur að klæðingarefni og áætlaði kostnað vegna framkvæmda.

Húsnefnd er sammála um tillögu að ljósri sléttplötuklæðningu, kostnaður áætlaður um 7 milljónir og að klætt verði með lerki undir gluggum í sal. Herði falið að útvega litaprufur.

3. Hljóðfæri í Végarð

Egill Jónsson og Jón Ólafur Sigurðsson sem fengnir voru til að ráðleggja með kaup á heppilegu hljóðfæri , hafa skoðað þau mál og mæla með kaupum á rafpíanói frá Tónastöðinni.

Húsnefnd tekur undir þeirra sjónarmið og leggur til að keypt verði KAWAI rafpíanó, verð 763.000,-, einnig þarf að kaupa stillanlegan stól og yfirbreiðslu. Skoða þarf hvaða litir eru í boði og kaupa þá helst viðarlitað , ef það er í boði.

4. Gjaldskrá 2020, til viðmiðunar.

Þrif eru innifalin.

Helgarleiga 90.000,- kr

Sólarhringur 45.000,-

Dagsleiga s.s. fyrir fundi 12-24.000, - eftir tímalengd og fjölmenni.

Almennt er gengið út frá því að afnot íbúa af Végarði séu gjaldfrjáls, en húsinu skilað hreinu.

Óski íbúar eftir því , geta þeir keypt þrif.

5. Fyrirhugað viðhald í haust/vetur.

Skipta um gólfefni á svið , lakka kork í holi, flísaleggja gólf í kjallara og mála svið og kjallara.

6. Önnur mál.

a) Sóknarprestur er með viðveru í Végarði einu sinni í mánuði í vetur og einnig gert ráð fyrir að verkefnisstjóri samfélagsverkefnis verði með fasta viðveru í Végarði einu sinni í viku.

b) Rætt um þrif á húsinu og að koma á reglubundnum þrifum , einu sinni í viku að jafnaði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign), Gunnar Jónsson (sign), Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Hörður Guðmundsson (sign).